

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. apríl 2026

Mál nr. S-5622/2025:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

## Dómur

I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 26. mars 2026, var höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 14. október 2025, á hendur X, kt. [...], [...],

„fyrir brot í nánu sambandi með því að hafa, mánudaginn 2. desember 2024, á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð kærustu sinnar, A, kt. [...], á heimili hennar að [...], með því að hafa hrint henni, sparkað og kýlt í hana víðs vegar um líkama og andlit, og tekið hana kverkataki svo hún missti meðvitund um stund allt með þeim afleiðingum að A hlaut mar á öxl, upphandleggjum, mjóbaki, mjaðmagrind og hálsi, marga yfirborðsáverka á hálsi, opið sár á höfði, skurð á andliti og nefbeinabrot.

M: 007-2024- [...]

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 218. [gr.] b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

- Málið var þingfest 30. október 2025 og neitaði ákærði sök samkvæmt ákæru. Málinu var frestað til aðalmeðferðar til 26. mars 2026 og fór hún fram þann dag og málið var dómtekið að henni lokinni.

3. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds, til vara að honum verði ekki gerð refsing og til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsingin verði bundin skilorði komi til fangelsisrefsingar. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda ákærða að mati dómsins.

## II

### *Málsatvik*

4. Samkvæmt frumskýrslu var lögregla kölluð út að [...] vegna hugsanlegs heimilisofbeldis rétt eftir miðnætti 2. desember 2024 og kemur fram að það hafi fylgt tilkynningu til lögreglu að kona væri að öskra á hjálp út um glugga, líklega á 2. hæð. Er lögreglumenn komu á vettvang vísuðu tilkynnendur þeim á íbúð [...] þar sem dyrnar stóðu opnar. Kemur fram í skýrslunni að í dyragætt íbúðarinnar hafi staðið karlmaður með blóðskrámu í andlitinu og í forstofunni hafi staðið kona sem var blóðug í andliti og öskrað hástöfum. Hafi þetta verið ákærði og brotþoli.
5. Í frumskýrslu er tekin upp orðrétt bókun lögreglumanns B í lögreglukerfið. Þar kemur fram að ákærði hafi verið handtekinn vegna gruns um líkamsárás og heimilisofbeldi og færður á lögreglustöð. Hafi ákærði verið þvoglumæltur og áfengisþef lagt af vitum hans og í lögreglubifreiðinni hafi hann blásið 1,4% í Dräger-áfengismæli. Er haft eftir ákærða að hann og kærasta hans, brotþoli, hafi verið að drekka áfengi um kvöldið, þau hafi rifist á einhverjum tímapunkti og hún svo beðið ákærða um að fara. Kvaðst ákærði hafa pakkað í tösku og ætlað að fara í burtu þegar brotþoli hafi ráðist á hann. Haft er eftir ákærða að hann hafi svarað fyrir sig og tekið brotþola niður. Hafi ákærði ekki viljað tjá sig frekar um atvikið og tekið er fram í frumskýrslunni að ekki hafi verið unnt að kynna honum upplýsingaskýrslu handtekings manns sökum ástands. Þá kemur fram að ákærði hafi verið blóðugur á höndum og í framan. Teknar voru myndir af honum í fangageymslu og fylgdu þær myndir frumskýrslunni.
6. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að blóðkám hafi verið á mottu framan við íbúðina, á gangi, hurðarkarmi við „innsta herbergið“ og á gólfi og veggjum í því herbergi. Hafi íbúðin annars verið snyrtileg umhorfs. Gögn málsins bera ekki með sér að tekin hafi verið sýni af blóðkámi á vettvangi.
7. Í frumskýrslunni kemur fram að erfitt hafi verið að ná utan um málsatvik af frásögn brotþola vegna þess í hve miklu uppnámi hún var. Hafi brotþoli sagst hafa neytt fimm bjóra

um kvöldið en ekki neinna fíkniefna. Brotapoli hafi greint frá því að ákærði hafi haldið henni niðri og kýlt hana, m.a. efst á kviðinn. Hefði brotapolí reynt að hlaupa í burtu frá ákærða og loka sig af inni í herberginu sem sé innst á ganginum, en inni í því herbergi hafi ákærði „svæft hana með kyrkingartaki“ og þegar hún hafi rankað við sér hafi ákærði setið í sófanum frammi í stofu. Hafi brotapolí þá hlaupið fram á stigagang og reynt að láta í sér heyra, nágrennar hennar hafi séð hana og skömmu síðar hafi lögregla mætt á staðinn. Hafi brotapolí tjáð lögreglu að hún hafi verið svo hrædd og haldið að ákærði myndi drepa hana. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa beitt ákærða neinu ofbeldi. Þau hefðu verið kærustu- par í sex mánuði og ákærði hefði aldrei sýnt sambærilega hegðun áður og ekkert ofbeldi hefði átt sér stað áður í þeirra sambandi.

8. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu með réttarstöðu sakbornings eftir dvöl í fangageymslu. Kvað hann sig og brotapolá hafa verið að horfa á sjónvarpið og drekka áfengi, sem þau væru ekki vön að gera. Hafi brotapolí verið orðin ölvuð og sagt ákærða að „drulla“ sér út af engri ástæðu. Hann hafi farið, náð í fötin sín og pakkað þeim í tösku og ætlað að fara út. Þá hafi brotapolí komið inn í herbergið og spurt ákærða hvern „djöfulinn“ hann væri að gera og hann hafi útskýrt að hann væri að fara. Þegar hann hafi komið fram hafi brota- polí kýlt ákærða vinstra megin í höfuðið. Ákærði hafi reynt að halda henni og „það var ekkert merkilegt sem gerðist eftir það. Jú, við vorum að hnoðast eitthvað“. Svo hafi ein- hver bankað upp á eftir að átökin byrjuðu, ákærði hefði opnað dyrnar og þá hafi lögreglan komið og handtekið hann.
9. Ákærði kvað aðspurður að þau brotapolí byggju ekki saman „á pappírnum“ en verðu tíma sínum að mestu saman og kvað börn brotapolá hafa verið hjá þeim um helgina. Ákærði kvaðst ekki vita hvað hafi orðið til þess að ósætti byrjaði á milli hans og brotapolá, en hún hefði sagt upp úr þurru að hann ætti að „drulla“ sér og að hann væri „ógeð“. Að- spurður um hvort hann hefði veitt brotapolá þá áverka sem hún var með við komu lögreglu svaraði ákærði: „Nei, ætli hún hafi ekki veitt sér þá sjálf.“ Ákærði neitaði aðspurður að hafa beitt brotapolá ofbeldi. Aðspurður um blóðkám á veggjum og hurðum víðs vegar um íbúðina kvað ákærði að hann hefði verið búinn að „halda henni í skefjum“ og það gæti útskýrt blóðkámíð og spurður hvort um væri að ræða blóð úr brotapolá svaraði hann: „Já, örugglega“, en kvaðst ekki vita hvernig hún hefði blóðgast. Þá kvaðst hann ekki vita hvers vegna hann hefði verið blóðugur á höndum en kvað þau hafa tekist á. Aðspurður neitaði ákærði að hafa kýlt brotapolá í andlitið og kvaðst ekki geta ímyndað sér hvers vegna hún héldi það. Þegar borinn var undir ákærða framburður brotapolá um að hann hefði kýlt

hana í „magasvæðið“ kvaðst ákærði ekkert vita um það. Þá var ákærði spurður hvað hann hefði að segja um þann framburð brotaþola að ákærði hefði tekið hana hálstaki og hún misst meðvitund við það og svaraði ákærði: „Ég hef ekki hugmynd um það. Við vorum þarna í átökum þar sem hún hafði upptökin.“ Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði halda að brotaþoli hefði verið með meðvitund allan tímann og kvaðst ekki telja að hann hefði skilið brotaþola eftir inni í herbergi í einhvern tíma heldur hafi þau verið saman allan tímann frá upphafi átakanna þar til lögreglan kom, að því er hann taldi.

10. Aðspurður kvað ákærði það alveg rétt að brotaþoli hefði flúið fram á gang og öskrað eftir aðstoð. Kvaðst ákærði hafa elt brotaþola fram, náð að koma henni aftur inn, haldið að hann gæti „róað þetta niður“ og hefði ætlað að hringja í móður brotaþola til þess. Spurður hvers vegna hann héldi að brotaþoli hafi „flúið fram og öskrað á hjálp“ svaraði ákærði að það hafi örugglega verið af því að „hún vildi fá hjálp“. Kvaðst hann ekki vita af hverju brotaþoli hagaði sér svona, en það væri eins og hún hefði dottið í eitthvert „black-out“ og hún hefði breyst í „óargadýr“. Ákærði kvað ekkert ofbeldi hafa átt sér stað af sinni hálfu, heldur hefði brotaþoli átt upptökin og kýlt ákærða í höfuðið og það hefðu verið þung högg. Aðspurður um blóð á enni sínu og höndum kvað hann það örugglega hafa komið „vegna hennar“. Ákærði kvaðst hafa drukkið um sex stóra bjóra og hafa verið ölvaður umrætt sinn en þó ekki næstum jafn ölvaður og brotaþoli.
11. Rannsóknarlögreglumaður H tók skýrslu af brotaþola á heimili hennar milli kl. 01:08 og 01:18 sömu nótt og samkvæmt gögnum málsins er þetta eina skýrslan sem tekin var af brotaþola á rannsóknarstigi. Kemur fram í upphafi skýrslunnar að brotaþoli hafi verið í nokkru uppnámi þegar skýrslan var tekin og hefði drukkið fimm bjóra um kvöldið að eigin sögn. Aðspurð kvað brotaþoli þau ákærða hafa rifist en hún myndi ekki alveg af hverju og kvaðst enn vera vonkuð eftir hann. Kvaðst brotaþoli muna að ákærði hefði kýlt hana í andlitið og „svæft“ hana þangað til hún sofnaði og hefði hún ekkert getað gert. Brotaþoli kvaðst svo hafa rankað við sér, gengið fram, séð ákærða þar í sófa í stofunni og farið fram á gang til að fá hjálp þar sem hún hafi haldið að hún „væri að fara að deyja“.
12. Aðspurð um hvernig ákærði hefði „svæft hana“ kvað brotaþoli ákærða hafa tekið hana hálstaki þannig að liðið hefði yfir hana. Svo hefði hún rankað við sér og allt hefði verið í móðu. Hafi hún hlaupið fram á gang og byrjað að lemja á hurðirnar á ganginum til að fá hjálp, en ákærði hafi elt hana þangað fram. Lögreglan hafi svo komið þegar ákærði hafi ætlað að draga hana aftur inn í íbúðina. Spurð um hvort þetta hefði gerst áður kvaðst brotaþoli hafa verið beitt ofbeldi af fyrri maka sínum. Aðspurð um áverkana í andliti sínu

kvaðst brotaþoli lítið muna en hún myndi þó að ákærði hefði kýlt hana í andlitið og það hefði byrjað að blæða. Endurtók brotaþoli að hún hefði haldið að hún væri að fara að deyja og í kjölfarið hefði ákærði tekið hana hálstaki og hún sofnað. Kvað hún ákærða hafa sett hönd sína um háls brotaþola og haldið fast og sýndi hún það með látbragði eins og kverkatak. Sérstaklega aðspurð kvað hún þetta í fyrsta skipti sem ákærði beitti hana slíku ofbeldi og kvaðst aðspurð vilja að málið fengi framgang hjá lögreglu.

13. Á meðal málgagna er um 30 mínútna upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns G sem beið ásamt lögreglumanni F með brotaþola eftir að rannsóknarlögreglumaður kæmi á vettvang. Á upptökunni sést og heyrst að brotaþoli var í miklu uppnámi og sagði ítrekað að hún væri svo hrædd og hefði haldið að hún myndi deyja. Þá er á meðal gagna skýrsla rannsakara þar sem lýst er helstu aðgerðum hans á vettvangi. Þar kemur m.a. fram að fylltur hafi verið út gátlisti vegna heimilisofbeldis og hafi hann sýnt sjö punkta. Þá fylgdu skýrslunni ljósmyndir teknar af ummerkjum og blóðkámi á veggjum og hurðum í íbúðinni og tvær ljósmyndir af áverkum brotaþola, annars vegar af andliti og hins vegar af bringu. Í skýrslunni kemur fram að þar sem brotaþoli hafi verið með töluverða áverka í andliti og kvartað um að eiga erfitt með andardrátt hafi sjúkrabifreið verið kölluð á vettvang og brotaþoli verið flutt á bráðamóttöku Landspítalans til frekari skoðunar og aðhlyningar.
14. Samkvæmt læknisvottorði I, sérfræðings í bráðalækningum, dags. 10. mars 2025, gaf brotaþoli þá sögu að sambýlismaður hennar hefði ráðist á hana, að því er virtist fyrirvaralaust, og hafi brotaþoli tengt það við áfengisdrykkju. Kvað brotaþoli manninn aldrei áður hafa ráðist á hana, en hann hafi aldrei áður drukkið í hennar viðurvist. Kemur fram að brotaþoli hafi ekki munað nákvæmlega röð atburða en kvaðst þó muna að maðurinn hefði kýlt hana beint á andlitið. Þá hafi brotaþoli lýst að maðurinn hafi hrint henni, sparkað í hana og tekið hana hálstaki með báðum höndum þegar hún hafi legið. Hafi maðurinn sagst ætla að svæfa brotaþola og svo hafi hún misst meðvitund. Hafi brotaþoli sagt að þetta hafi gerst nokkrum sinnum. Við skoðun hafi verið sár á nefbrú þar sem sárbarmar sígi aðeins í sundur og eymsli hafi verið við þreifingu á nefbrú. Þá hafi verið illa afmarkað mar framanvert á hálsi og skrámur, mar á vinstri olnbogabót og aftan á hægri upphandlegg, grunnt húðfleiður á vinstra handarbaki við hnúa, roði í húð ofan á vinstri öxl, mar á bringu hægra megin og illa afmarkað byrjandi mar eða roði hægra megin á baki. Þá hafi verið roðarák með örlitlum punktblæðingum yfir hægra herðablaði og samhliða a.m.k. þrjár slíkar rákir yfir vinstra herðablaði. Greiningar voru m.a. margir yfirborðsáverkar á hálsi, opið sár á höfði og nefbeinabrot og tekið fram að nefbeinabrotið hafi

verið greint klínískt og að eftirfylgd sé á vegum háls-, nef- og eyrnalækna „ef rétta þyrfti nefið“. Í samantekt vottorðsins segir að ummerki séu til staðar um áverka sem samræmist sögu um högg á andlit og mar víða um líkama sem samræmist mögulegum höggum og spörkum eða ef haldið er fast um viðkomandi líkamspart. Þá séu merki um áverka á framanverðum hálsi sem geti samræmist sögu. Jafnframt eru á meðal gagna málsins tólf ljósmyndir sem teknar voru af áverkum brotþola á bráðamóttöku Landspítala.

15. Teknar voru símaskýrslur af vitnunum D, C og E 27. desember 2024. Ekki er að sjá af gögnum málsins að frekari aðgerðir hafi farið fram í málinu á rannsóknarstigi.

### III

#### *Skýrslutökur fyrir dómi*

16. *Ákærði* greindi frá því að er atvikið átti sér stað hefði brotþoli verið kærasta hans, þau hefðu verið búin að vera í sambandi í um sjö mánuði og hann hafi búið þarna hjá henni. Umrætt kvöld hafi börn brotþola verið farin eftir að hafa dvalið hjá þeim um helgina. Þau brotþoli hefðu svo verið heima að fá sér í glas þegar upp úr þurru hafi komið eitthvað yfir brotþola og hún hafi öskrað á hann: „Drullaðu þér út, þú ert ógeðslegur.“ *Ákærði* kvaðst hafa farið inn í herbergi og byrjað að pakka fötum sínum niður og verið á leiðinni út þegar brotþoli hafi stoppað hann. Einhver orðaskipti hafi átt sér stað milli þeirra og allt í einu hafi brotþoli „sturlast“, kýlt *ákærða* tvisvar sinnum með hægri hendi í andlitið og skallað hann. Í kjölfarið hafi orðið átök milli þeirra í íbúðinni og *ákærði* hafi haldið brotþola þar sem hún hafi verið „dýrvitlaus, stjórnlaus og öskrað“ á hann. Þau hafi svo verið í átökum um alla íbúðina, dettandi utan í vegg og hurðir og dottið í gólfið. Svo hafi brotþoli náð að rífa sig lausa og farið fram á gang, þar sem hún hafi dottið á einhvern ofn. Kvaðst *ákærði* svo hafa náð að koma brotþola inn í íbúðina og stuttu seinna hafi verið bankað og þar hafi verið kominn nágrenni af hæðinni fyrir neðan sem hafi spurt hvort ekki væri allt í lagi og skömmu seinna hafi lögreglan komið.
17. Aðspurður kvaðst *ákærði* hafa elt brotþola fram á ganginn af því hann hafi viljað hafa „stjórn á þessu“ og ekki viljað að lögreglan blandaðist í málið þar sem brotþoli hafi verið búin að vera í „ströggli“ við barnavernd. Beðinn um að lýsa átökunum nánar kvaðst *ákærði* hafa tekið kirfilega utan um hendur brotþola svo hún „myndi ekki berja mig meira“ og einnig svo hún myndi ekki skaða sjálfa sig meira. Hún hafi svo rífið sig lausa þegar þau hafi dottið í gólfið og þannig komist fram á gang. Átökin hafi átt sér stað úti um alla íbúð og þau hafi dottið í gólfið á tveimur eða þremur stöðum, á

herbergisganginum og inni í einu herberginu. Aðspurður neitaði ákærði að hafa hrint brotaþola, sparkað í hana, kýlt hana og tekið hana kverkataki og kvað hana hafa verið með meðvitund allan tímann. Kvaðst ákærði hafa verið ölvaður umrætt sinn en kvaðst samt muna vel eftir þessu.

18. Spurður hvers vegna ákærði hafi verið blóðugur á höndum svaraði ákærði að brotaþoli hefði verið með sár í andlitinu og hann einnig. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvernig brotaþoli hefði fengið sárið í andlitið. Bornir voru undir ákærða þeir áverkar sem tilgreindir eru í læknisvottorði brotaþola og kvaðst hann ekki hafa annað um það að segja en að „hún var bara dýrvitlaus þarna og við vorum þarna úti um alla íbúð að detta á vegg og gólf“ og taldi að áverkarnir væru til komnir vegna þess. Aðspurður hvort yfirborðs-áverkar á hálsi brotaþola hefðu einnig komið til af þessu svaraði ákærði: „Já, örugglega.“ Aðspurður kvaðst ákærði hafa heyrt brotaþola öskra á hjálp, hún hefði verið öskrandi alls konar, m.a. á hjálp og verið „dýrvitlaus“. Ákærði kvaðst hafa margítrekað beðið brotaþola um að hætta og róa sig niður og að vel gæti verið að hann hefði sagt henni að „setjast niður og halda kjafti“. Aðspurður kvað brotaþoli blóðkámið sem var á nokkrum stöðum í íbúðinni, m.a. í herbergi, vera til komið vegna átakanna milli hans og brotaþola. Þá kvað hann aðspurður að brotaþoli hefði ekki komið með honum aftur inn í íbúðina af fúsum og frjálsum vilja, hún hefði verið öskrandi og gargandi frammi á gangi og hann hefði tekið í handlegginn á henni og reynt að koma henni inn aftur.
19. Ákærði kvað þau brotaþola hafa haldið sambandi sínu áfram í um þrjá mánuði eftir þetta atvik en hefðu svo slitið því. Spurður hvort önnur svona tilvik hefðu komið upp milli þeirra kvað hann að komið hefði upp „agressíf“ hegðun hjá brotaþola fyrir þetta atvik og þá hefði ákærði hringt í móður brotaþola sem hefði komið á staðinn og náð að róa hana niður. Enn fremur hefði komið upp atvik um þremur mánuðum eftir þetta sem hefði verið ástæða sambandsslita þeirra. Í það skipti hefði brotaþoli dottið með höfuðið utan í vegg og slasað sig og svo ráðist á ákærða. Lögregla hafi verið kölluð til og ákærði verið handtekinn, látinn gista fangageymslur og svo tekin af honum skýrsla, en ekkert hefði orðið frekar úr því máli. Sérstaklega aðspurður af verjanda kvað hann brotaþola í umrætt sinn hafa borið á hann sakir að ófyrirsynju og kvaðst hafa orðið mjög hræddur og ákveðið að slíta sambúðinni endanlega.
20. Brotaþoli kvaðst hafa kynnst ákærða í meðferð á Vogu og þau hefðu verið búin að vera edrú og í sambandi í um sex mánuði er atvikið átti sér stað. Þau hefðu ekki verið í formlegri sambúð en ákærði samt verið með fót og allt sitt heima hjá henni og allt gengið

vel. Þetta kvöld hafi þau fengið sér áfengi í fyrsta skipti saman og brotapolí kvaðst sjálf hafa verið búin að drekka um fimm bjóra. Þau hafi farið að rífast og ákærði hafi breyst í „einhvern djöful“. Hann hafi grýtt brotápola út um allt, en hún hafi ekki gert eða sagt neitt. Kvaðst brotapolí muna að ákærði hafi kýlt hana í andlitið og skallað hana. Þau hafi endað inni í barnaherbergi, sem hafi verið tóm, innst á ganginum og þar hafi ákærði kýlt hana í magann, haldið henni í föstu hálstaki og hún hafi haldið að hún væri að deyja. Kvaðst brotapolí hafa misst meðvitund nokkrum sinnum og ákærði hafi gert þetta ítrekað. Kvaðst brotapolí hafa hugsað með sér: „Þú ert að fara“ og hafa velt fyrir sér hvernig hún kæmist út til að kalla á hjálp. Brotapolí kvaðst hafa þurft að „feika mig dauða“ með því að hætta að anda. Kvaðst hún á þeim tímapunkti hafa verið með meðvitund, en þó ekki fullri meðvitund, því ákærði hafi verið búinn að „svæfa mig svo oft“. Kvaðst brotapolí hafa verið bara tilbúin að kveðja þennan heim og haldið að hún væri að deyja. Kvað hún ákærða hafa sparkað í hana og sagt: „Vonandi ertu fokking dauð þarna, druslan þín“ og svo farið inn í stofu að horfa á sjónvarpið.

21. Brotapolí kvaðst svo hafa komist fram á gang, en hún hafi þurft að skriða á gólfinu svo ákærði myndi ekki heyra í henni. Kvaðst hún hafa náð að öskra á hjálp frammi á gangi, en þá hafi ákærði komið og dregið hana aftur inn í íbúðina, en hún hefði haldið áfram að öskra á hjálp. Svo hafi nágrannar hennar af hæðinni fyrir neðan komið og lögreglan rétt á eftir og þá hafi hún verið „þakin blóði og nefið skakkt“. Aðspurð kvað hún árás ákærða hafa átt sér stað inni í stofu en þó aðallega í barnaherberginu sem sé fyrir endann á herbergisganginum.
22. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotapolí ekki hafa veist að ákærða umrætt sinn, en kvaðst þó hafa slegið hann utan undir og það hefði verið hennar „vörn“ því ákærði hafi verið mjög ógnandi og kastað henni út um allt. Kvað hún rétt að hún hefði beðið ákærða um að fara og það hefði hún gert því henni hefði fundist hann ógnandi. Aðspurð kvað hún ákærða hafa sýnt á sér fararsnið en hann hafi samt ekki farið. Kvað hún framburð ákærða um að hún hafi kýlt hann tvisvar sinnum á vangann og skallað hann ekki vera réttan.
23. Brotapolí kvað ákærða hafa komið aftur til hennar daginn eftir og verið alveg miður sín yfir þessu. Ákærði hafi náð að „tala hana til sín“ og hún hafi fyrirgefið honum en sagt honum að ef þetta gerðist aftur væri allt búíð milli þeirra. Þetta hafi svo gerst aftur einhverju síðar, mögulega í febrúar 2025, en þá hafi ákærði aftur fengið sér að drekka. Hafi hann skallað brotápola í andlitið þannig að sauma hafi þurft spor á höfði hennar. Lögregla hafi einnig verið kölluð til í það skipti og sent brotápola á bráðamóttöku. Málið hafi svo

- verið fellt niður en hún hafi kært það til ríkissaksóknara sem hafi staðfest niðurfellinguna. Aðspurð kvað brotápoli þau ákærða hafa hætt endanlega saman vegna þessa síðara máls.
24. Sérstaklega aðspurð kvaðst brotápoli hafa gefið aftur skýrslu hjá lögreglu vegna fyrra málsins sem hér er ákært fyrir. Það hefði verið um tveimur vikum seinna og þá hefði hún einnig farið í skoðun í herbergi á lögreglustöðinni í [...] þar sem teknar hefðu verið myndir af áverkum hennar.
25. Brotápoli lýsti þeim líkamlegu áverkum sem hún hlaut og kvað afleiðingarnar hafa verið „rosalegar“, m.a. nefbrot. Þá kvaðst hún einnig hafa upplifað mikla andlega vanlíðan, kvíða og uppnám og hafi þurft að samþykkja að barnavernd fengi forsjá barna hennar til 18 ára aldurs þeirra. Kvaðst hún telja að hún hafi gert rétt með því, þar sem hún gæti ekki boðið börnum sínum upp á þetta. Enn fremur hafi hún fallið á bindindi, misst íbúð sína í kjölfarið og verið heimilislaus upp frá því og þurft að leigja sér herbergi sem örorkugreiðslur hennar fari í. Kvaðst hún þó í dag vera í fullum bata, sækja dagmeðferð og ekki vera á neinum lyfjum.
26. *Vitnið C* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að hann hefði umrætt kvöld verið í heimsókn hjá vinkonu sinni í fjölbýlishúsi við hliðina á [...]. Kvaðst hann hafa verið að fara heim seint um kvöldið og verið á bílastæði fyrir utan þegar hann hafi heyrt mikil óp í konu og hafi þetta greinilega verið kvenmannsrödd. Kvað vitnið sér hafa brugðið mjög og hafa heyrt mjög skýrt þegar konan öskraði: „Hann ætlar að drepa mig“ eða „Hann er að drepa mig“. Hafi vitnið hringt í lögreglu til að tilkynna þetta og á meðan hann hafi verið að ræða við lögreglu hafi hann heyrt karlmannsrödd segja: „Haltu kjafti, sestu niður“. Svo hafi orðið smá hlé, en þá hafi hann heyrt smelli, sem honum hafi fundist greinilega vera högg, konan hafi haldið áfram að öskra á hjálp og segja að maðurinn væri að drepa sig og karlmaðurinn hafi áfram sagt henni að hætta og halda kjafti. Vitnið kvaðst hafa heyrt þessi læti í nokkrar mínútur og hann hafi verið að tala við lögregluna í símanum á meðan sem hafi tjáð honum að fleiri aðilar hefðu hringt og tilkynnt um þetta. Þegar lögreglan hafi komið á vettvang hafi vitnið farið í burtu.
27. Aðspurður um hvort konan hafi hljómað hrædd kvað vitnið hana hafa öskrað ítrekað á hjálp og hann talið fullt tilefni til þess að hringja í lögreglu og hafi ekki hugsað sig tvisvar um. Beðinn um að lýsa nánar þessum smellum og greinilegu höggum sem hann hafi heyrt sýndi vitnið högginn eða smellina með því að kýla í lófa sinn með krepptum hnefa og heyrðust þá háir smellir. Vitnið kvaðst hafa fundist skýrt að þetta væri ekki „bara eitthvað

rifrildi“ eða „venjulegar heimiliserjur“ heldur að eitthvað meira væri í gangi þarna inni. Aðspurður kvaðst vitnið engin tengsl hafa við ákærða eða brotaþola.

28. *Vitnið D* gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að á þessum tíma hafi brotaþoli búið í íbúðinni við hliðina á íbúð vitnisins. Kvað vitnið að þetta hafi verið búið að vera „dálítið stormasamt samband þarna“ hjá brotaþola og að þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem þetta gerðist og ekki það síðasta heldur. Hafi vitnið verið orðin vön að heyra læti þarna. Umrætt kvöld hafi vitnið heyrt einhver læti með hléum en svo hafi allt virst fara í háaloft. Hafi verið svakaleg öskur og læti og hún hafi heyrt eins og húsgögnum væri kastað til. Nánar aðspurð kvað hún þetta hafa verið hljóð eða „dynki“ eins og verið væri að „henda einhverjum utan í eitthvað“ eða kasta húsgögnum til. Fólkið hafi verið að öskra mikið á hvort annað en vitnið hafi ekki heyrt orðaskil. Kvaðst vitnið þó hafa heyrt brotaþola öskra á hjálp þegar hún hafi verið komin fram á gang. Einnig kvaðst vitnið hafa heyrt brotaþola biðja manninn um að hætta. Nágrannar af neðri hæðinni hafi komið upp en vitnið kvaðst ekki hafa þorað að fara fram á gang. Aðspurð kvað vitnið konuna hafa hljómað eins og hún væri mjög hrædd. Vitnið kvaðst ekki vera í neinum tengslum við ákærða eða brotaþola.
29. *Vitnið E* gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað. Greindi hann frá því að umrætt kvöld hafi hann verið heima hjá fyrrverandi eiginkonu sinni og börnum þeirra þegar þau hafi heyrt rifrildi á efri hæðinni. Kvað hann íbúð fyrrverandi eiginkonunnar vera beint fyrir neðan íbúð brotaþola. Hafi rifrildið verið búið að standa frekar lengi og þau hafi heyrt brotaþola kalla frekar hátt á hjálp og þau hafi því haft samband við lögreglu. Kvað vitnið sig og konuna sína fyrrverandi hafa farið upp, bankað á hurðina og kvaðst halda að ákærði hafi opnað fyrir þeim og þá hafi hann ekki séð brotaþola. Vitnið kvað sig minna að maðurinn hafi verið með „smá blóð“ og þau hafi spurt um brotaþola. Maðurinn hafi komið með einhverjar afsakanir um að hún væri á salerninu og hefði annað hvort dottið eða meitt sig, en kvaðst ekki muna hvað ákærði hafi sagt nákvæmlega. Kona vitnisins hafi sagt að hún tryði ákærða ekki og kvaðst vilja sjá brotaþola með eigin augum. Ákærði hafi ekki viljað hleypa þeim inn, en vitnið hafi byrst sig við hann og ákærði hafi hleypt þeim inn á endanum. Þá hafi þau séð brotaþola sem hafi verið öll blóðug í andliti og með skurð („rifu“) á nefinu. Nokkrum mínútum síðar hafi lögregla komið á vettvang og aðkomu vitnisins hafi lokið þar með.
30. Aðspurður kvað vitnið brotaþola hafa verið í mjög miklu uppnámi og slæmu ástandi. Hafi hún sagt ýmislegt á íslensku sem vitnið hafi ekki alveg skilið, en hafi hann skilið hana

rétt þá hafi hún verið að biðja um hjálp. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið hafa heyrt mjög mikinn hávaða úr íbúð brotaþola áður en hann fór upp, eins og húsgögn væru færð til, og hafi hann einnig heyrt kvenmanns- og karlmannsöskur. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa heyrt orðaskil í þessum öskrum fyrr en í lokin þegar hann hafi heyrt á íslensku: „Hjálp! mér, hjálp! mér.“ Þá kvaðst vitnið ekki vera í neinum tengslum við ákærða og brotaþola.

31. *Lögreglumaður F* gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað og greindi frá því að hún hefði ritað frumskýrslu málsins og staðfesti hana. Kvað vitnið að borist hefði tilkynning um heimilisofbeldi í [...] umrætt sinn. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi dyr íbúðarinnar staðið opnar og þar hafi verið karl og kona. Maðurinn hafi verið með áverka í andliti og konan hafi öll verið blóðug í andliti. Maðurinn hafi verið handtekinn og fluttur í burtu, grunaður um líkamsárás á konuna. Kvaðst vitnið hafa rætt við brotaþola á vettvangi, ásamt samstarfsskonu sinni, á meðan beðið var eftir rannsakara til að taka við rannsókn málsins. Hafi brotaþoli lýst miklu ofbeldi, m.a. kyrkingartaki sem ákærði hafi svæft hana með. Brotaþoli hafi verið í mjög miklu uppnámi og upplýst að hún hefði drukkið um fimm bjóra en neitað allri fíkniefnaneyslu. Kvað vitnið að erfitt hafi verið að ná nákvæmlega utan um atburðarásina eftir frásögn brotaþola.
32. Aðspurð kvað vitnið sig minna að blóð hafi verið víðs vegar á vettvangi, m.a. á mottu á gólfi frammi á gangi og einnig inni í innsta herberginu í íbúðinni, en vísaði annars um þetta til frumskýrslu sinnar. Aðspurð kvaðst vitnið ekkert hafa talað við ákærða og aðeins séð hann í upphafi þegar verið var að handtaka hann. Nánar aðspurð um áverka á ákærða kvað hún að það hafi verið „einhver skráma í andliti“ eftir því sem hún best myndi, en kvaðst ekki geta lýst því nánar. Aðspurð kvað vitnið það metið í hverju tilviki hver væri handtekinn þegar báðir aðilar væru með áverka og kvað varðstjóra á vettvangi hafa tekið ákvörðun um að handtaka ákærða. Aðspurð um hvort blóð á vettvangi hafi verið rannsakað, svo sem úr hverjum það væri, kvað vitnið að lögregla sem mætir á vettvang geri það ekki, en alltaf sé passað að snerta ekki blóð á vettvangi ef um það er að ræða. Kvaðst vitnið ekki hafa komið frekar að rannsókn málsins.
33. *Lögreglumaður G* gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað og kvaðst hafa komið á vettvang umrætt sinn. Þá hafi verið búið að handtaka ákærða og vitnið kvaðst hafa spjallað við brotaþola sem hafi verið í miklu uppnámi. Aðspurð kvað vitnið hafa verið kveikt á bókmyndavél sinni. Brotaþoli hafi greint vitninu frá því að ákærði hafi ráðist á hana inni í herbergi og þar hafi orðið einhver átök milli þeirra og hafi brotaþoli verið með blóð á

nefinu. Kvað brotapolí ákærða hafa ráðist á sig og haldið henni þangað til hún sofnaði. Svo hafi brotapolí rankað við sér, farið fram og séð ákærða þar. Kvaðst vitnið ekki muna hvort brotapolí hafi greint frá því að átök hafi brotist út á milli þeirra aftur. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð blóðkám á veggjum og hurðarkarmi eða dyraopi, en að öðru leyti hafi íbúðin verið snyrtileg. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð að ákærði var með „litla skrámu á enninu“ og enn fremur hafi hún séð blóð á nefi brotapóla en kvaðst ekki geta sagt hvaðan blóðið kom. Þá kvaðst vitnið aðspurð ekkert hafa skoðað frekar hvort brotapolí væri með fleiri áverka.

34. *Lögreglumaður H* gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið á bakvakt í rannsóknardeild og fengið útkall í ætlað heimilisofbeldi. Þegar vitnið hafi komið á vettvang hafi verið búið að handtaka ákærða og flytja hann á lögreglustöð. Brotapolí hafi verið með áverka í andliti, auk þess sem blóð hafi verið á vettvangi. Kvað vitnið að kallaður hefði verið til félagsráðgjafi samkvæmt verklagi í heimilisofbeldismálum og hafi félagsráðgjafinn verið viðstaddur skýrslutöku af brotapóla sem vitnið hafi tekið á vettvangi. Vitnið kvað brotapóla hafa greint frá því að ákærði hefði ráðist á hana, kýlt hana í andlitið og svæft hana með hálstaki. Hafi brotapolí enn fremur sagt að hún hafi orðið ofsalega hrædd og viljað fá aðstoð, farið fram og lamið á hurðir og kallað á hjálp og svo hafi lögreglan komið. Aðspurður kvaðst vitnið ekkert hafa rætt við ákærða við rannsókn málsins, en kvaðst seinna hafa rætt við þrjú vitni í síma. Hafi þar verið um að ræða tvo nágretta brotapóla og mann sem var gestkomandi í nágrenninu, sem hafi öll greint frá því að hafa heyrt hávaða og læti og konu kalla á hjálp.
35. Vitnið var spurður hvort rætt hefði verið við brotapóla aftur síðar við rannsókn málsins og kvaðst vitnið hafa hringt í hana svokallað eftirfylgdarsímtal einhverju síðar. Ekki hafi verið skrifuð skýrslu um það símtal, heldur hafi verið bókað um það í lögreglukerfið. Aðspurður kvaðst vitnið hafa spurt brotapóla í þessu símtali hvernig hún hefði það og hvernig samskiptum þeirra ákærða væri háttað. Hafi brotapolí greint honum frá því að það gengi betur hjá þeim og að hún ætlaði að láta reyna á sambandið áfram og hafi óskað eftir að málið fengi ekki frekari framgang. Kvaðst vitnið hafa greint brotapóla frá því að lögregla gæti eftir sem áður haldið rannsókn málsins áfram. Aðspurður hvort ekki hafi þótt ástæða til þess að taka skýrslu af brotapóla á ný þegar hún væri allsgáð kvað vitnið að það hefði alveg mátt gera það, en honum hafi þó fundist brotapolí lýsa atvikum vel á vettvangi. Borinn var undir vitnið framburður brotapóla fyrir dómi um að hún hafi komið tveimur vikum eftir atvikið á lögreglustöð þar sem hún hafi verið skoðuð og teknar

myndir af henni og einnig hafi verið tekin af henni skýrsla. Kvaðst vitnið ekki kannast við þetta og kvað mögulegt að brotaþoli væri að rugla við annað sambærilegt mál milli sömu aðila ekki löngu síðar, þar sem brotaþoli hafi fengið skurð á höfuð.

36. *Vitnið I lækni* gaf símaskýrslu og staðfesti læknisvottorð sem hún ritaði um skoðun á brotaþola. Kvað hún að þar sem skoðun brotaþola hafi farið fram svo skömmu eftir atvikið kunni sumir áverkar að verða greinanlegri síðar, t.d. komi marblettir ekki að fullu fram fyrr en seinna, en roði geti verið byrjandi mar. Læknirinn kvað brotaþola ekki alveg hafa munað röð atvika, sem ekki sé óvanalegt, en brotaþoli hafi greint frá því að hafa verið kýld beint á andlitið og að ákærði hafi hrint henni og sparkað í hana. Þá hafi hún sagt að ákærði hafi tekið hana hálstaki með báðum höndum, sagst ætla að svæfa hana og svo hafi hún misst meðvitund og hafi þetta gerst oft en einu sinni í ferlinu. Aðspurð kvað læknirinn áverka brotaþola geta samræmst þeirri sögu sem hún gaf á bráðamóttöku.
37. Sérstaklega aðspurð kvað læknirinn ekki hægt að segja nákvæmlega til um hvað valdi marbletti eða roða, en áverkarnir hafi samræmst þeirri lýsingu sem brotaþoli hafi gefið. Er borin var undir lækninn lýsing ákærða á atvikum umrætt sinn og spurt hvort áverkar brotaþola gætu samrýmst þeirri lýsingu kvað læknirinn „ekki [nokkra] leið að greina þarna á milli“. Lækninum var sýnd mynd, tekin á bráðamóttöku, af áverkum á hálsi brotaþola. Kvað læknirinn ólíklegt að svona áverkar kæmu með því að detta á eitthvað því yfirleitt sé þá einhver annar líkamshluti sem taki fallið, t.d. öxl, höfuð, fótur eða hönd, og líklegra sé að áverki komi á þann líkamspart. Læknirinn kvað roðarákir eða línur á hálsi líta út fyrir að vera punktblæðingar og þær séu eins og eftir þrýsting en ekki högg. Læknirinn kvaðst þó ekki vera réttarlæknir, heldur bráðalæknir, og kvaðst telja samkvæmt sinni sérfræðipækkingu að ólíklegt væri að fá svona roðalínur við fall.

#### IV

##### *Niðurstæða*

38. Ákærða er í máli þessu gefið að sök brot í nánu sambandi með því að hafa, á þeim stað og tíma og greinir í ákæru, á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð kærustu sinnar, brotaþola, með því að hafa hrint henni, sparkað og kýlt í hana víðs vegar um líkama og andlit, og tekið hana kverkataki svo hún missti meðvitund um stund, allt með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru. Er brotið í ákæru talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
39. Ákærði neitar því að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Hér að framan er rakinn framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi. Þannig bar ákærði

um það fyrir dómi að brotaþoli hafi allt í einu öskrað á ákærða að koma sér út og svo þegar hann hafi verið á leiðinni út hafi brotaþoli „sturlast“, kýlt ákærða tvisvar sinnum með hægri hendi í andlitið og skallað hann. Í kjölfarið hafi orðið átök milli þeirra úti um alla íbúðina, þar sem þau hafi dottið utan í vegg og hurðir, sem og í gólf. Svo hafi brotaþoli farið fram á gang og hann náð að koma henni inn í íbúðina aftur með því að taka um handlegg hennar. Ákærði neitaði að hafa hrint brotaþola, sparkað í hana, kýlt hana eða tekið hana kverkataki og kvað hana hafa verið með meðvitund allan tímann. Þá staðfesti ákærði að brotaþoli hefði öskrað mikið og m.a. á hjálp, og kvað enn fremur blóðkám á vettvangi vera til komið vegna átakanna milli hans og brotaþola. Hjá lögreglu greindi ákærði frá upphafi atviksins með svipuðum hætti, þ.e. að brotaþoli hafi sagt honum að „drulla“ sér út, en svo hafi hún kýlt ákærða vinstra megin í höfuðið. Hafi ákærði reynt að halda henni og svo hafa ekkert merkilegt gerst eftir það, nema að þau hafi verið „að hnoðast eitthvað“. Aðspurður um áverkana á brotaþola neitaði ákærði að hafa veitt henni þá og sagði „ætli hún hafi ekki veitt sér þá sjálf“. Aðspurður um blóðkámið kvað ákærði það örugglega vera úr brotaþola og kvað það helst geta útskýrt blóðkám víðs vegar um íbúðina að hann hefði verið búinn að „halda henni í skefjum“.

40. Framburður brotaþola bæði hjá lögreglu og fyrir dóminum er einnig ítarlega rakinn að framan. Í málinu liggur þannig fyrir upptaka með skýrslutöku rannsóknarlögreglumanns H af brotaþola á vettvangi þar sem hún greindi strax frá því að ákærði hefði ráðist á hana, kýlt hana í andlitið þannig að byrjaði að blæða og tekið hana hálstaki þannig að liðið hafi yfir hana. Þá liggur einnig fyrir í málinu um hálf tíma upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns G sem, ásamt lögreglumanni F, ræddi óformlega við brotaþola á meðan beðið var eftir rannsóknarlögreglumanni á vettvang. Á þeirri upptöku sést vel að brotaþoli var í mjög miklu uppnámi, lýsti mikilli hræðslu við ákærða og sagði ítrekað að hún hefði haldið að hún væri að deyja. Þar lýsti brotaþoli einnig að ákærði hefði kýlt hana í magann, „svæft“ hana með því að taka hana hálstaki og lýsti frekara ofbeldi af hálfu ákærða.
41. Fyrir dóminum lýsti brotaþoli atvikum að mestu leyti með sama hætti, m.a. að ákærði hafi kýlt hana í andlitið og magann og haldið henni í föstu hálstaki þannig að hún hafi misst meðvitund nokkrum sinnum. Í skýrslu hennar hjá lögreglu kom fram að hún hefði misst meðvitund (verið „svæfð“), en ekki að það hefði gerst nokkrum sinnum. Hins vegar er þetta haft eftir henni í læknisvottorði sem liggur fyrir í málinu. Þá lýsti brotaþoli því einnig fyrir dómi að ákærði hafi skallað hana, en þetta kom ekki fram í skýrslu hennar hjá lögreglu og þetta kemur ekki fram í verknaðarlýsingu ákæru. Enn fremur kvaðst hún hafa

haldið að hún væri „að fara“ og hafa velt fyrir sér hvernig hún kæmist út til að kalla á hjálp og hafi þurft að „feika sig dauða“ með því að hætta að anda og eftir það komist fram til að kalla á hjálp. Í skýrslu brotaþola hjá lögreglu kom ekki fram að hún hefði þurft að „feika sig dauða“.

42. Samkvæmt framangreindu er nokkurt misræmi á milli framburðar brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi, en hún hefur hins vegar staðfastlega borið um að hafa orðið fyrir líkamsárás af hálfu ákærða umrætt sinn. Fær sá framburður hennar stoð í framburði þriggja lögreglumanna sem komu á vettvang skömmu eftir að tilkynning barst fjarskiptamiðstöð lögreglu, en þau báru öll um að brotaþoli hafi sagt að ákærði hafi ráðist á hana og að hún hafi verið í mjög miklu uppnámi og með áverka. Þá fær framburður brotaþola einnig stoð í framburðum nágretta hennar, vitnanna D og E, en þau báru um að hafa heyrt mjög mikil læti og rifrildi úr íbúð brotaþola, sem og að hún kallaði á hjálp. Vitnið C, sem var á bílastæði fyrir utan blokk brotaþola, bar um að hafa heyrt í kvenmannsrödd hrópa ítrekað á hjálp og segja: „Hann ætlar að drepa mig“ eða „Hann er að drepa mig“ og í karlmannsrödd segja viðkomandi á móti að halda kjafti og setjast niður. Jafnframt að hafa heyrt háa smelli eða högg. Styður þetta að mati dómsins einnig við framburð brotaþola um atvik umrætt sinn.
43. Lýsing brotaþola á atburðarásinni er að mati dómsins, þrátt fyrir framangreint misræmi, í meginatriðum í innbyrðis samræmi þegar horft er til framburðar hennar hjá lögreglu og fyrir dómi, og jafnframt til þess sem kemur fram á framangreindri upptöku á vettvangi og þess sem haft er eftir henni í frumskýrslu lögreglu og læknisvottorði. Í umræddu læknisvottorði er tekið fram að brotaþoli muni ekki nákvæmlega röð atvika og fyrir dóminum kvað læknirinn það ekki vera óvanalegt. Þá er ljóst að brotaþoli var, auk þess að vera í miklu uppnámi, undir einhverjum áhrifum áfengis þegar rannsóknarlögreglumaður tók af henni skýrslu á vettvangi, en það er eina skýrslan sem tekin var af henni á rannsóknarstigi. Fyrir dóminum kvaðst brotaþoli hafa gefið skýrslu á ný hjá lögreglu um hálfum mánuði eftir atvikið, en ekkert liggur fyrir um það í málinu og kvaðst rannsóknarlögreglumaður H telja mögulegt að þar hafi brotaþoli verið að rugla saman við annað sambærilegt mál sem kom upp einhverju síðar milli hennar og ákærða, en rannsókn þess máls mun hafa verið hætt. Rannsóknarlögreglumaðurinn bar um það fyrir dóminum að hann hefði hringt í brotaþola nokkru eftir atvikið í máli þessu til að fylgja málinu eftir og þar hafi brotaþoli upplýst að hún vildi ekki að málinu yrði fylgt eftir. Í ljósi þess að ákveðið var að halda rannsókn málsins áfram hefði að mati dómsins

verið rétt að taka skýrslu á ný af brotaþola allsgáðri. Þrátt fyrir þennan annmarka á rannsókninni þykir þó ekki vera slíkt misræmi í framburði brotaþola, sem hefur verið staðfastur um allt sem máli skiptir, að það rýri trúverðugleika framburðarins, þegar hann er metinn heildstætt ásamt þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu.

44. Trúverðugur framburður brotaþola fær stoð í þeirri staðreynd að hún var með áverka víðs vegar um líkamann, eins og lýst er í læknisvottorði I læknis sem skoðaði brotaþola sömu nótt og sjást einnig á ljósmyndum sem teknar voru á bráðamóttöku síðar um nóttina. Fyrir dóminum kvað læknirinn áverkana geta samræmst þeirri lýsingu sem brotaþoli hafi gefið á atvikum þótt hún gæti ekki útilokað, aðspurð af verjanda, að áverkarnir samræmdust lýsingu ákærða af atvikum umrætt sinn. Þá kvað læknirinn áverka á hálsi brotaþola líta út fyrir að vera punktblæðingar eftir þrýsting en ekki högg og kvað ólíklegt að fá slíka áverka með því að detta á eitthvað. Með hliðsjón af þessu þykir framburður brotaþola um að ákærði hafi tekið hana kverkataki vera trúverðugri en framburður ákærða um að hún hafi hlotið áverka, m.a. á háls, við að „detta utan í“ vegg og hurðir úti um alla íbúð. Þá var íbúðin mjög snyrtileg og bar ekki sérstök merki þess að átök hefðu borist um hana alla, heldur var fyrst og fremst að finna blóðkám í því herbergi þar sem brotaþoli bar um að árasin hefði einkum átt sér stað. Ekkert læknisvottorð er um áverka á ákærða umrætt sinn, en á ljósmynd sést lítið sár á enni og lýstu lögreglumenn áverkanum sem skrámu. Er samkvæmt því ljóst að áverkar ákærða voru mun minni en áverkar brotaþola umrætt sinn, og ekkert liggur fyrir, annað en framburður ákærða, um að brotaþoli hafi átt upptökin að átökunum. Er það mat dómsins að virtum öllum gögnum málsins að framburður ákærða þar að lútandi sé ótrúverðugur, en ákærði er stærri og sterkari en brotaþoli og var í yfirburðastöðu gegn henni. Jafnvel þótt talið yrði sannað að brotaþoli hefði veist að ákærða með þeim hætti sem hann heldur fram var ekki tilefni til þess fyrir ákærða að bregðast við eins og hann gerði samkvæmt framangreindu.

45. Að öllu framangreindu virtu verður trúverðugur framburður brotaþola, sem fær til þess næga stoð í rannsóknargögnum og framburði vitna, lagður til grundvallar niðurstöðu málsins. Samkvæmt því er sannað að brotaþoli varð fyrir líkamsárás á heimili sínu umrædda nótt og að mati dómsins er hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi verið þar að verki. Að öllu framangreindu virtu og þeim kröfum sem gerðar eru til sönnunar í sakamálu, sbr. 108. gr. sömu laga, verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru, að því undanskildu að ekki þykir nægilega sannað að hann hafi sparkað í brotaþola eins og þar greinir. Brotaþoli bar ekki um

þetta í skýrslu sinni fyrir dómi, og raunar ekki heldur hjá lögreglu, en þetta er haft eftir henni í læknisvottorðinu og þykir ekki unnt að sakfella ákærða fyrir spörk á þeim grunni. Að öðru leyti verður verknaðarlýsing ákærunnar lögð til grundvallar, þar á meðal um þær afleiðingar sem þar greinir, þó þannig að samkvæmt læknisvottorði var ekki bæði um að ræða opið sár á höfði og skurð á andliti, heldur eitt sár á ótilgreindum hluta höfuðs.

46. Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem segir að hver sá sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur það varðað fangelsi allt að 16 árum ef brot er stórfellt. Af hálfu ákæruvalds er heimfærslan studd þeim rökum að um sérstaklega hættulega aðferð við brot hafi verið að ræða og er þar fyrst og fremst vísað til kverkataksins. Þá er á því byggt af hálfu ákæruvalds að tengsl milli ákærða og brotþola hafi verið slík að ákvæðið eigi við en þau hafi verið kærustupar í um sex eða sjö mánuði er atvikið gerðist og ákærði í raun búið hjá brotþola.
47. Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga kom inn í þau lög við setningu laga nr. 23/2016 í tengslum við fullgildingu Ístanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi frá 11. maí 2011. Ákvæðið fól í sér nýmæli eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði 4. gr. laganna, en þar kemur fram að með ákvæðinu er lögð áhersla á að ofbeldi í nánnum samböndum feli ekki einungis í sér samansafn einstakra tilvika heldur megi virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin sé þannig færð á það ógnar- og óttaástand sem getur skapast og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem þolandi upplifir við slíkar aðstæður. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins sé það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin sé vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar brot sem ekki nái því stigi gætu eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laganna. Við mat á grófleika og þar með hvort brot sé stórfellt skuli sérstaklega litið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi staðið

yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

48. Eins og að framan greinir lúta ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga að broti þar sem tilgreind tengsl eru eða hafa verið milli geranda og brotaþola og geta þau verið með ýmsum hætti. Jafnframt getur verið um að ræða margvíslega háttsemi geranda svo að ákvæðið eigi við, en þó er gert að skilyrði að háttsemin sé með þeim hætti að hún ógni lífi, heilsu eða velferð þess sem fyrir verður. Hins vegar er ekki skilyrði að brotaþoli verði fyrir beinum eða sjáanlegum líkamsáverkum eða öðru tjóni svo að heimfæra megi háttsemina undir 1. mgr. greinarinnar, en slíkt getur þó komið til skoðunar við mat á grófleika brots og heimfærslu, einkum að því er varðar 2. mgr. hennar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 30. mars 2022 í máli nr. 47/2021.
49. Samkvæmt orðum sínum einskorðast 1. mgr. 218. gr. b laganna ekki heldur við endurtekið atferli gagnvart brotaþola. Einstakt tilvik getur fallið þar undir sé um að ræða alvarlega ógnun við líf, heilsu eða velferð brotaþola, án þess þó að atvik séu með þeim hætti að ákvæði 2. mgr. greinarinnar eigi við, sbr. áðurgreindan dóm Hæstaréttar. Meta þarf þetta í hverju tilviki fyrir sig og þá með hliðsjón af tilgangi refsíákvæðis um brot í nánu sambandi, eins og lýst er að framan.
50. Gögn málsins bera með sér að ákærði og brotaþoli hafi verið þar í um sex eða sjö mánuði er atvikið gerðist og í um þrjá mánuði eftir það og hafi í raun búið saman mestan hluta þess tíma, þótt þau hafi ekki verið formlega skráð í sambúð. Þykja tengsl þeirra því hafa verið slík að falli undir ákvæðið og verður það lagt til grundvallar.
51. Brotaþoli bar um það fyrir dómi, sem og hjá lögreglu, að ákærði hefði ekki áður ráðist að henni líkamlega. Kemur þá til skoðunar hvort tilvikið sem um ræði nái því alvarleikastigi sem 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga áskilur þegar um eitt einstakt tilvik er að ræða. Hér að framan er talið sannað að ákærði hafi veist að brotaþola með því að hrinda henni, kýla hana víðs vegar í líkama og andliti og tekið hana kverkataki svo hún missti meðvitund um stund. Voru áverkar víðs vegar um líkama hennar, m.a. nefbrot, opið sár á höfði og margir yfirborðsáverkar á hálsi. Sú háttsemi að taka brotaþola kverkataki þannig að hún missti meðvitund um stund þykir háskaleg og jafnframt er ljóst að brotaþoli hlaut beinbrot sem fellur undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Var árás ákærða í heild sinni til þess fallin að vekja mikla ógn hjá brotaþola sem kvaðst hafa haldið að runnin væri upp sín síðasta stund. Samkvæmt framangreindu þykir liggja fyrir að brotaþoli var varnarlaus gagnvart tilefnislausri og harkalegri atlögu ákærða á heimilinu umrætt sinn. Er

það mat dómsins að með atlögunni hafi ákærði á alvarlegan hátt og með ofbeldi ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola og þykir háttsemin verða felld undir ákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

#### *Ákvörðun refsingar*

52. Ákærði er fæddur í [...] og samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 9. október 2025, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Brot það sem ákærði er sakfelldur fyrir varðar allt að sex ára fangelsi. Í ljósi forsögu refsíákvæða almennra hegningarlaga um brot í nánu sambandi verður við ákvörðun refsingar vegna brots gegn 218. gr. b laganna ekki litið til refsíþyngingarákvarðis 3. mgr. 70. gr. þeirra. Ákærði á sér engar málsbætur en haft er í huga að um var að ræða eitt tilvik og hann er með hreinan sakaferil. Þá er litið til 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. laganna. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en að virtum sakaferli hans þykir rétt að binda refsinguna almennu skilorði, eins og greinir í dómsorði.

#### *Sakarkostnaður*

53. Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, verður ákærða gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.236.900 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 56.510 krónur í annan sakarkostnað.
54. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kamilla Kjerúlf aðstoðarsaksóknari.
55. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 1.236.900 krónur, og 56.510 krónur í annan sakarkostnað.

Guðrún Sesselja Arnardóttir